

Siðareglur UMSB

1. Siðareglur þessar eiga við um alla kjörna aðila í stjórnir og nefndir UMSB og aðildarfélaganna ásamt starfsmönnum UMSB og aðildarfélaganna.
2. Kynntu þér og tileinkaðu þær siðareglur sem hér er að finna. Komdu fram af fullkomnum heilindum og láttu framkomuna endurspegla viðhorf þitt til grundvallarregla og markmiða íþróttta og Ólympíuhreyfingarinnar.
3. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
4. Vertu fagmannleg/ur í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar. Gættu þess að gera aldrei lítið úr öðrum félögum og komdu fram við keppinauta af virðingu.
5. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnsmálaskoðanir.
6. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
7. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
8. Taktu ekki við persónulegum gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
9. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.
10. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

Stefna þessi var samþykkt á 94.sambandsþingi UMSB 12.mars 2016